



Reykjavík, 12. apríl 2024

MSS24030105

ÓM

Skóla- og frístundaráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tilraunaverkefni með fimm ára bekk

Á fundi borgarstjórnar þann 9. apríl 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að leita samstarfs við að lágmarki fimm grunnskóla í Reykjavík um tilraunaverkefni með svokallaða fimm ára bekk. Markmið tilraunaverkefnisins verði að tryggja aukna tengingu milli leik- og grunnskóla, styðjast við kennsluaðferðir beggja skólastiga og hugsa menntun barna með heildstæðum hætti allt frá unga aldri til loka grunnskólagöngunnar. Fyrirkomulag tilraunaverkefnisins gefi foreldrum kost á að sækja um að skólaganga barna þeirra hefjist við fimm ára aldur í hlutaðeigandi þátttökuskólum og að henni ljúki á fimmtánda aldursári í stað þess sextánda. Við val á þátttökuskólum verði tekið mið af biðlistum leikskóla og þeir skólar settir í forgang sem staðsettir eru innan hverfa þar sem leikskólavandinn er mestur. Með tilraunaverkefninu megi því samhliða rýma aukinn fjölda leikskólaplássna og bregðast að hluta við biðlistavanda leikskólanna. Tilraunaverkefnið hefjist haustið 2024 og verði endurmetið að ári liðnu. Skóla- og frístundaráð skipi samhliða þriggja manna starfshóp sem fylgi verkefninu eftir og dragi saman niðurstöður eigi síðar en vorið 2025. Tilraunaverkefnið hefjist haustið 2024 og verði endurmetið að ári liðnu.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðslu málsins. Greinargerð fylgdi tillögunni.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðslu málsins. MSS24030105

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar því að Sjálfstæðismenn leggi fram tillögu er snúa að nýsköpun í skólastarfi. Hins vegar er hér gert ráð fyrir víðtækri kerfisbreytingu á skólastigi barna með það til hliðsjónar að leysa úr vanda er snýr að „fjölda leikskólaplássna“. Einnig er tilgreint markmið tillögunnar að tryggja aukna tengingu milli leik- og grunnskóla með því að styðjast við kennsluaðferðir beggja skólastiga. Er þetta vel og í raun það sem unnið hefur verið að með auknu samstarfi skólastiganna og frístundar í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn, tilraunaverkefnið „fyrir í frístund“ og samstarf leikskólanna Holt og Ösp við Fellaskóla. Þessa mikilvægu tengingu er



Reykjavík



Því hægt að vinna með án þess að stíga svo afgerandi skref að breyta skilum skólastiga leik- og grunnskóla. Allt faglegt skólastarf þarf að byggja á forsendum lærdóms og greiningar á kennslu og þekkingu. Ekki er skynsamlegt að breyta uppbyggingu menntakerfis með það til hliðsjónar að leysa ákveðinn „fjölda leiksskólaplássna“ samtímans heldur þurfa faglegar forsendur að vera lagðar til grundvallar.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að sett verði í gang tilraunaverkefni um að koma á fót fimm ára bekkjum í að minnsta kosti fimm grunnskólum borgarinnar. Flokkur fólksins er sammála þeirri nálgun. Mikilvægt er að tilraunaverkefnið verði unnið í nánú samráði við foreldra og skólasamfélög leik- og grunnskóla. Þetta gæti verið góð tenging milli þessara skólastiga – sem einhverskonar forskóli. Börn eru misjafnlega tilbúin til að hefja skólagöngu og mun þetta úrræði því ekki henta öllum börnum – ef til vill ekki þeim sem eru fædd seint á árinu. Fulltrúi Flokks fólksins telur að ekki eigi að vera markmið í sjálfu sér að stytta skólagöngu barna heldur væri þarna um viðbót að ræða og aukið val. Á þessum aldri læra börn mikið í gegnum leik og er því mikilvægt að halda í kennsluaðferðir leikskólastigsins þar sem leikur er í forgrunni í náminu. Einnig má benda á að með þessu myndi jafnvel losna um einhver leikskólapláss í leiðinni – sem ekki er vanþörf á miðað við þá slæmu stöðu leikskólamála sem hefur verið viðvarandi alltof lengi í Reykjavík.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að stefna að flutningi fimm ára barna milli skólastiga er vanreifuð og skammsýn að mati fulltrúa Vinstri grænna. Það er ekki á hendi einstakra sveitarfélaga að taka fram fyrir hendurnar á aðalnámskrá, auk þess sem tillagan virðist fela í sér tilraun til að tefla fram óraunhæfri töfralausn á mönnunarvanda í skólakerfinu. Minnt er á að nú þegar eru fimm ára bekkir í boði í fáeinum reykvískum skólum og bendir aðsóknin í þá ekki til þess að um mikla eftirspurn sé að ræða.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um tilraunaverkefni með fimm ára bekki í grunnskóla

Borgarstjórn samþykkir að leita samstarfs við að lágmarki fimm grunnskóla í Reykjavík um tilraunaverkefni með svokallaða fimm ára bekki. Markmið tilraunaverkefnisins verði að tryggja aukna tengingu milli leik- og grunnskóla, styðjast við kennsluaðferðir beggja skólastiga og hugsanlega menntun barna með heildstæðum hætti allt frá unga aldri til loka grunnskólagöngunnar.

Fyrirkomulag tilraunaverkefnisins gefi foreldrum kost á að sækja um að skólaganga barna þeirra hefjist við fimm ára aldur í hlutaðeigandi þátttökuskólum, og að henni ljúki á fimmtánda aldursári í stað þess sextánda. Við val á þátttökuskólum verði tekið mið af biðlistum leikskóla og þeir skólar settir í forgang sem staðsettir eru innan hverfa þar sem leikskólavandinn er mestur. Með tilraunaverkefninu megi því samhliða rýma aukinn fjölda leikskólaplássna og bregðast að hluta við biðlistavanda leikskólanna. Tilraunaverkefnið hefjist haustið 2024 og verði endurmetið að ári liðnu. Skóla- og frístundaráð skipi samhliða þriggja manna starfshóp sem fylgi verkefninu eftir og dragi saman niðurstöður eigi síðar en vorið 2025.

Tilraunaverkefnið hefjist haustið 2024 og verði endurmetið að ári liðnu. Skóla- og frístundaráð skipi samhliða þriggja manna starfshóp sem fylgi verkefninu eftir og dragi saman niðurstöður eigi síðar en vorið 2025.

Greinargerð

1. Inngangur

Skólakerfið er eitt mikilvægasta jöfnunartækið sem íslenskt samfélag býr yfir. Því er ætlað að tryggja börnum þá grunnfærni sem reynast mun nauðsynleg svo þau geti notið jafnra tækifæra og orðið virkir þátttakendur í okkar samfélagi. Ljóst er að skólakerfi okkar er vandi á höndum en mælingar hafa sýnt að árangur íslenskra grunnskólabarna er töluvert lakari en árangur annarra barna innan OECD. Jafnframt hefur krafa samfélagsins á leikskólavist frá 12 mánaða aldri orðið enn háværari á undanliðnum árum en ljóst er að við núverandi aðstæður getur reynst erfitt að mæta þeirri kröfu vegna erfiðleika við mönnun.

Af ofanrituðum ástæðum meðal annars er nauðsynlegt að taka skólakerfið til gagngerrar endurskoðunar og hugsanlegt að staðan kalli á kerfisbreytingu. Hvers kyns kerfisbreytingar mega þó undir engum kringumstæðum draga úr gæðum menntunar héraðs og því mikilvægt að stíga varlega til jarðar.

Um nokkurt skeið hafa verið upp rökstuddar hugmyndir um hliðrun grunnskólakerfisins, með þeim hætti að börn myndu hefja grunnskólagönguna við fimm ára aldur og ljúka henni á fimmtánda aldursári í stað þess sextánda. Fyrir hugmyndinni hafa verið færð margvísleg málefnaleg rök sem vert er að skoða.

2. Kennsla á forsendum leikskólans

Með hliðrun grunnskólakerfisins mætti skapa aukna tengingu milli leikskóla og grunnskóla og hugsa menntun barna með heildstæðum hætti allt frá unga aldri til loka grunnskólagöngunnar. Í fimm ára bekkjum gæti kennsla farið fram á forsendum leikskólans enda löngu tímabært að upphafa leikskólastarfið. Fjöldi rannsókna hefur sýnt mikilvægi þess að leikur sé notaður sem kennsluáferð fyrir ung börn og enda skilar aðferðin góðum árangri fyrir nemendur.

3. Aukið samkeppnishæfi íslenskra ungmenna

Víða erlendis hefst grunnskólinn við fimm ára aldur og er þá gjarnan miðað við að barn hafi náð fimm ára aldri þegar skóli hefst að hausti. Þannig er fremur miðað við þroska barns við upphaf skólagöngu og börnum raðað saman í bekk sem fædd eru á tveimur almanaksárum.

Í flestum samanburðarlöndum útskrifast ungmenni jafnframt úr framhaldsskóla við 18 ára aldur. Breytingin gæti því tryggt aukið samkeppnishæfi íslenskra ungmenna og verið gæfuspor ef unnið á faglegum forsendum.

4. Lausn mönnunarvandans

Krafa fjölskyldufólks um áreiðanleg úrræði í kjölfar fæðingarorlofs hefur orðið enn háværari undanliðin ár. Ríkisstjórnin hefur stigið mikilvæg skref með lengingu fæðingarorlofs og boðaðri hækkun á þaki orlofsgreiðslna. Spjótin beinast nú að sveitarfélögum.

Það er vel mögulegt að leysa neyðarástand í leikskólamálum borgarinnar – en til þess þarf að hugsa út fyrir boxið. Með því að hefja grunnskólagönguna ári fyrr gætum við tryggt öllum börnum leikskólapláss við tólf mánaða aldur. Mönnunarvandinn væri nefnilega leystur, því eingöngu þyrfti að manna fjórtán árganga í skólakerfinu í stað fimmtán. Fækkun árganga myndi tryggja betri nýtingu mannauðs og er einhver áþreifanlegasta leiðin til að leysa leikskólavandann. Fyrirkomulagið um eitt leyfisbréf fyrir bæði skólastig styður jafnframt við hugmyndina

Samhliða endurskoðun leik- og grunnskólakerfisins mætti skoða úrræði á borð við heimgreiðslur, daggæslu á vinnustöðum og öflugra dagforeldrakerfi. Fjölskyldur eru ólíkar og þeim þarf að bjóða fjölbreytt úrræði.

5. Betri nýting fjármuna

Hliðrun grunnskólagöngunnar myndi ekki einungis tryggja betri dreifingu mannauðs heldur jafnframt skapa fjárhagslegt svigrúm sem nemur rúmunum 4 milljörðum árlega. Þá fjármuni mætti nýta til að bæta kjör kennara en jafnframt tryggja bættar starfsaðstæður og heilnæmt og nútímalegt skólahúsnæði fyrir börn. Það er til mikils að vinna og full ástæða að hefja kennarastarfið enn fremur til vegs og virðingar á báðum skólastigum.

6. Tilraunaverkefni í borginni

Sjálfstæðisflokkur leggur til að Reykjavíkurborg leiti samstarfs við nokkra grunnskóla í Reykjavík um tilraunaverkefni með fimm ára bekki, á grundvelli 2. mgr. 15. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Fyrirkomulagið gefi foreldrum kost á að sækja um að skólaganga barna þeirra hefjist við fimm ára aldur, og að henni ljúki á fimmtánda aldursári í stað þess sextánda. Vel verði fylgst með framgangi verkefnisins, árangri og áskorunum.

Við val á þátttökuskólum verði tekið mið af biðlistum leikskóla og þeir skólar settir í forgang sem staðsettir eru innan hverfa þar sem leikskólavandinn er mestur. Með tilraunaverkefninu megi því

kanna faglegan fýsileika fimm ára bekkja, en samhliða rýma aukinn fjölda leikskólaplássna og bregðast að hluta við biðlistavandan leikskólanna.

Tilraunaverkefnið gefur tækifærið til að skoða hugmyndina gaumgæfilega og stíga varlega til jarðar áður en ráðist er í umfangsmiklar kerfisbreytingar, enda myndu slíkar kerfisbreytingar alltaf kalla á ríkt samstarf við menntamálaráðuneytið og lagabreytingu.

Samfélagið hefur hag af því að styðja vel við barnafólk og búa vel að uppvexti framtíðarinnar. Skólakerfið okkar er lykilundirstaða og allar forsendur við lýði til að gera enn betur. Stjórnámálamenn þurfa að hafa hugrekki til að endurskoða opinber kerfi sem þjóna ekki lengur fólki – og kjarkinn til að ræða breytingar þegar breytinga er þörf.